

3. gr.

145

Umsjónarmennirnir verða að sætta sig þær breytingar, sem kunna að 22. des. verða gerðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 22. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

146

24. des.

Auglýsing

um samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.



Samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 17, 13. september 1901 og lög nr. 86, 22. nóvember 1907, hefir stjórnarráðið staðfest eftirfarandi samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefir samið og samþykkt:

I.

Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 15 kjörnum fulltrúum, auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

2. gr.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kys. Þessar nefndir eru:

- 1) Fjárhagsnefnd.
- 2) Fasteignanefnd.
- 3) Fátækranefnd.
- 4) Byggingarnefnd.
- 5) Veganefnd.
- 6) Brunamálanefnd.
- 7) Hafnarnefnd.
- 8) Vatnsnefnd.

Ennfremur kys bæjarstjórnin 5 menn í skólanefnd, 2 menn í skattanefnd, 1 mann í heilbrigðisnefnd og 1 mann í stjórn Fiskimannasjóðsins.

Peir, sem kosnir eru í nefndirnar, fara frá annað hvort ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, en þó má endurkjósa þá. Kosning skólanefndarmanna gildir um 3 ár.

146

24. des. Fái einhver hinna kosnu nefndarmanna þau forföll, að hann geti eigi gegnt starfi sínu, kýs bæjarstjórnin annan í hans stað, ef henni þykir þess þurfa, og gegnir sá starfi hins, uns kjörtíminn er á enda.

Bæjarstjórnin getur tekið sjerhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið sje fastri nefnd, og er það mál þá gengið úr höndum þeirrar nefndar. Svo getur bæjarstjórnin og skipað sjerstakar nefndir fyrir einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einum úr sínum flokki framkvæmd þeirra.

3. gr.

Í fjárhagsnefndinni er borgarstjóri formaður, en auk hans eiga í henni sæti 2 af bæjarfulltrúunum. Nefnd þessi veitir forstöðu fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, sjer um stjórn fjehirðis á bæjarsjóði, að hann hegði sjer eftir erindisbrjefi sínu, riti rjett og reglulega bækur sínar, byrji skattakröfur allar og ljúki þeim á rjettum tíma, svo sem fyrir er skipað. Hún hefir eftirlit með því, að tekjurnar sjeu goldnar á rjettum tíma og að gengið sje eftir óloknum gjöldum, og það fje sett á vöxtu, er um fram kann að vera gjöldunum. Nefndin hlutast til um að samin sje skrá yfir gjöld þau, er greiða skal af föstum lögboðnum tekjustofnum, t. d. lóðargjöldum, og skal skrá þessi vera bæjarbúum til sýnis ásamt niðurjöfnunarskránni.

Nefndin skipar fyrir um, hversu reikningsbækur gjaldkera eða annara, er hafa kunna umráð yfir fje bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að reglum þeim sje hlýtt, sem um það efni eru settar. Svo ber og nefndinni að hafa eftirlit á öllum fjárbirgðum hjá gjaldkera og hverjum öðrum, er hafa kunna fje bæjarins undir höndum.

Alla reikninga til bæjarsjóðs skal senda borgarstjóra. Rannsakar hann þá, sjer um, að þeir sjeu nægilega vottaðir, að rjettir sjeu, hafi áætlunarheimild eða gilt atkvæði bæjarstjórnar við að styðjast og ávisar þá síðan til greiðslu.

Í ávísunarbók skal rita alt það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera greindir allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar, hver sjer. Á ávisanirnar skal ávalt rita, til hvers dálks og liðar gjaldið skuli telja.

Gjaldkeri má ekki greiða neitt fje úr bæjarsjóði nema löglega ávísað sje.

4. gr.

Fasteignanefnd er skipuð borgarstjóra, sem er formaður hennar, og 2 bæjarfulltrúum. Nefndin hefir á hendi umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem húsum og jörðum, túnnum, veiðiafnotum, slægjum, mótaki, grjótnámi o. s. frv., að svo miklu leyti sem það er ekki öðrum sjerstaklega á hendur falið.

5. gr.

Borgarstjóri er formaður fátækranefndarinnar, en auk hans eiga sæti í henni 4 bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla stjórn fátækramála. Hún sjer fyrir öllum sveitarómögum, annast greftrun þeirra og lögflutning, allar brjefaskriftir um fátækramálefni og viðskifti við önnur sveitarfjelög. Nefndin ráðstafar fje því, sem veitt er til ómaga og þurfamanna. Hún semur um meðgjafir með ómögum og önnur útgjöld til fátækra. **146**
24. des.

Nefndin ráðstafar styrk þeim, sem veittur verður fátækum börnum úr Thorkilliisjóði, og semur skýrslur allar, er að því lúta. Þegar rætt er eða þegar ákvörðun er gjörð um þessi mál, hefir dómkirkjupresturinn sæti og atkvæði á fundum nefndarinnar.

Tilaðstoðar nefndinni má bæjarstjórnin kjósa fátækra stjóra (fátækrafulltrúa) svo marga sem þurfa þykir, og eiga þeir meðal annars að hafa sjerstaklega umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum, einkum hver í sínu hverfi, hafa nákvæmar gætur á högum þeirra, heimilisástæðum og háttalagi, og stuðla að því að þurfa-menn noti efni sín með sparnaði og forsjá, leiti sjer atvinnu eftir megni og kosti kapps um að bjarga sjer og sínum sem mest af rammleik sjálfs sín. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi til greina tekin, nema fátækra stjórinn í hans hverfi styðji hana, og má ávísá honum styrknum til ráðstöfunar fyrir þurfa-manninn, ef ástæða þykir til. Fátækra stjórarnir skulu gjöra sjer far um að afla sjer nákvæmra skýrslna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveit-um til þyngsla, eða hætt er við, að eigi geti haft ofan af fyrir sjer í kaup-staðnum

Fátækra stjórarnir koma á fund fátækra nefndarinnar svo oft sem hún óskar þess, og skulu þeir ávalt vera á fundi, þá er sveitarómagar eru skrifaðir upp, eða rætt um að koma þeim fyrir, en eigi ber þeim atkvæði.

6. gr.

Borgarstjóri er formaður byggingarnefndar. Auk hans eiga sæti í nefnd-inni slökkviliðsstjóri og 4 menn, er bæjarstjórnin kýs, og skulu að minsta kosti tveir þeirra vera úr tölu bæjarfulltrúa. Slökkviliðsstjóri hefir atkvæði á fundum nefndarinnar.

Nefnd þessi annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykkt bæjarins.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn úr sínum flokki í veganefnd auk borgarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Veganefndin hefir á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu, alt eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar.

Áður en frumvarp fil fjárhagsáætlunar er samið, sendir veganefnd fjárhagsnefnd tillögur um, hve miklu fje skuli verja til vegabóta næsta ár, og hvernig því skuli varið.

146

24. des.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: borgarstjóra, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóranum og 3 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin til þess kys. Hún skal fylgja reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugjörðum um brunamál og slökkvilið kaupstaðarins, og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru þar á herðar lagðar.

8. gr.

9. gr.

Borgarstjóri er formaður hafnarnefndar og auk hans eiga sæti í nefndinni 2 menn, er bæjarstjórnin kys. Skal að minsta kosti annar þeirra vera eiuhver bæjarfulltrúanna. Nefndin hefir umsjón og stjórn hafnarmálefna samkvæmt lögum og hafnarreglugjörð kaupstaðarins. Gjaldkeri bæjarins skal og vera gjaldkeri hafnarsjóðs.

10. gr.

Vatnsnefndin er skipuð borgarstjóra, sem er formaður, og tveimur bæjarfulltrúum. Hún hefir umsjón með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins, jafnar niður vatnsskatti, alt ettir reglum þeim, sem þar um eru og verða settar með lögum og reglugjörð.

Nefnd þessi skal kosin í fyrsta sinn, þegar fullgjör er vatnsveita bæjarins. Þangað til annast veganefndin vatnsbólin sem hingað til.

11. gr.

Skólanefndin hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum kaupstaðarins og sjerstaklega með kenslunni í barnaskóla kaupstaðarins og öllu því, sem barnaskólann varðar, alt samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um fræðslu barna og reglugjörðum þeim, er kenslumálastjórnin setur.

12. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt eiga sæti í skattanefndinni: borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, og 2 menn, er bæjarstjórnin kys úr sínum flokki.

13. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt bæjarins sje fylgt.

14. gr.

Borgarstjóri annast framkvæmd á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnarinnar, sem eru eigi falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar brjefaskriftir bæjarstjórnarinnar og nefnda þeirra, sem hann er formaður í.

II.

146

24. des.

Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

15. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er skipuð 11, 13 eða 15 mönnum, eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Kjósa þeir sjálfir formann sinn.

16. gr.

Nefndin semur skrá yfir alla þá, er greiða eiga bæjargjöld eftir efnum og ástæðum á árinu og tilgreinir heimili þeirra. Þess skal getið í sjerstökum dálki, ef gjaldandi hefir jafnframt fasta dvöl annarstaðar.

17. gr.

Niðurjöfnun bæjargjalda skal lokið eigi síðar en innan loka febrúarmánaðar ár hvert. Við niðurjöfnun gjaldanna ber nefndinni sjerstaklega að gæta þess, hverjar tekjur hver greiðandi hafi til að framfæra sig og sína, og aðra er hann vinnur fyrir til munaðar eða gróða eftir öllum efnahag hans og atvinnu. Hún skal og taka til greina, hversu tekjurnar eru á sig komnar og allar heimilisástæður og ómagapunga af vandamönnum. Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Nefndinni er skylt að halda þessum upplýsingum leyndum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full, og rýrist ekki við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust fjárnám o. s. frv., ber nefndinni ávalt að jafna niður 5—10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

18. gr.

Reglur þær, sem settar eru um aðalniðurjöfnunina, gilda og um aukaniðurjöfnun, en hún á fram að fara í síðari hluta septembermánaðar.

19. gr.

Öll bæjargjöld, hvort heldur er af lögboðnum tekjustofnum eða eftir efnum og ástæðum, falli í gjalddaga ár hvert 1. dag apríl mánaðar og 1. dag októbermánaðar, að helmingi í hvort skifti, og ber gjaldkera þá að innheimta þau. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

20. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir innan febrúar- mánaðarloka og því næst liggja til sýnis bæjarmönnum 14 daga. Þá skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðunarmönnum, og skulu þeir hafa lokið

146 endurskoðuninni fyrir 1. júlí. Athugasemdum endurskoðunarmanna skal gjaldkeri hafa svarað fyrir 1. ágúst. Því næst semur fjárhagsnefndin ásamt endurskoðunarmönnum til lögreglu um úrskurðar um reikninginn, og skal því starfi lokið innan loka ágústmánaðar. Að svo búnu leggur bæjarstjórnin úrskurð á reikninginn til lögregluinnar afgreiðslu.

III.

Um starfsmenn kaupstaðarins.

21. gr.

Starfsmenn bæjarins eru:

- 1) Bæjargjaldkeri.
- 2) Bæjarverkfræðingur (Byggingarfulltrúi).
- 3) Heilbrigðisfulltrúi.
- 4) Slökkviliðsstjóri.
- 5) Lögregluþjónar.
- 6) Næturveiðir.
- 7) Sótara.

Gjaldkeri annast innheimtu allra gjalda til bæjarsjóðs og hafnarsjóðs og allar greiðslur úr þeim sjóðum. Hann semur reikninga þessara sjóða og bruna-bótasjóðs eftir reglum þeim, sem honum eru settar um það efni.

Starfsmönnum bæjarins ber í einu sem öllu að fara eftir erindisbrjefum þeirra.

Starfsmönnum öllum skal launað eftir ákvæðum bæjarstjórnar.

Að hve miklu leyti starfsmenn bæjarins fá eftirlaun, er þeir afsala sjer starfi því, sem þeim er falið, er komið undir ákvæðum bæjarstjórnarinnar í hvert skifti.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin endurskoðuð samþykkt um stjórn

bæjarmálefna í Reykjavík, staðfest 1. ágúst 1902 og breytingar á henni 28. des. 1903 og 17. des. 1906. **146**
24. des.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Þetta er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 24. des. 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Álasundsbæjar, **147**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 30. nóvbr. 1908. 30. nóv.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

**fyrir styrktar- og verðlaunasjóð eldvarnarliðsins í Akureyrar-
kaupstað, er nefnist Gjafasjóður Álasundsbæjar.**

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er gjöf frá bænum Álasundi í Norvegi. Upphæð stofnfjárnsins er 2600 krónur.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstól sjóðsins skal árlega leggja $\frac{1}{5}$ hlut vaxtanna til þess er höfuðstóll hans er orðinn 10,000 krónur og eftir það $\frac{1}{10}$ hlut vaxtanna árlega.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í innlendum bankavaxtabrjefum eða á annan hátt, jafntryggilegan og lög mæla fyrir um ómyndugrafje.